

Priðjudaginn 6. maí 1997.

Nr. 419/1996.

Húsnæðisnefnd Kópavogs

(Pórólfur Kristján Beck hrl.)

gegn

Ragnari Hjálmarssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1996, en gagnáfrýjandi með stefnu 25. mars 1997.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að lokinni aðalmeðferð 23. maí 1996. Í þinghaldi 12. september sama ár var eftirfarandi bókað: „Málið er endurupptekið. ... Umboðsmaður aðila flutti málið stuttlega að nýju með því að ítreka gerðar kröfur að teknu tilliti til þeirra breytinga, sem hafa orðið á kröfugerð stefnanda, og með vísan til fyrri málflutnings, sem var hljóðritaður, og höfðu þeir umboðsmennirnir fengið eftirgerð þeirrar hljóðritunar. Þeir lögðu málið svo í dóm, og er málið dómtekið. Kveðinn er upp í málinu svo felldur dómur.“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er þrír mánuðir og tuttugu dagar voru liðnir frá aðalmeðferð, en við endurupptöku málsins 12. september 1996 fór ekki fram málflutningur með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, sbr. Hæstaréttardóma 1995, 304, 306 og 308, og síðari dóma um sama efni.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
